

### 3.03 Umsókn um mengandi starfsemi - starfsleyfi til fiskeldis

Vinnsla þessi byggir á: Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 220/2018.

#### Upplýsingar um mál

Málsnúmer: 2002197 Móttekið: 7.2.2020 13:37:08

#### Innskráður notandi

Nafn Auður Eyberg Helgadóttir Kennitala 1907795139  
Netfang audur@stofnfiskur.is Símanúmer 4227358

#### Samskipti

Svör og athugasemdir vegna þessarar umsóknar verða sendar á eftirfarandi netfang: audur@stofnfiskur.is

#### Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Nafn Auður Eyberg Helgadóttir	Kennitala 6203911079 <input type="checkbox"/>
Starfsstöð fyrirtækis Seljavogur 14	Póstnúmer 233 Reykjanesbæ
Símanúmer 4216958	Sími ábyrgðarmanns 8692303
Ábyrgðarmaður umsóknar Auður Eyberg Helgadóttir	Sími tengiliðs 6936306
Netfang ábyrgðarmanns audur@stofnfiskur.is	
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar Jónas Jónasson	
Netfang tengiliðs jonas@stofnfiskur.is	

#### Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Stofnfiskur hf er að sækja um nýtt starfs- og rekstrarleyfi fyrir tilrauna og sóttkvíastöðina Seljavog í Höfnum. Stofnfiskur er einnig að fara að sækja um breytingu á starfs- og rekstrarleyfi fyrir fiskeldisstöðina Kirkjuvog í Höfnum. Rekstraraðili hélt eftir sinni bestu vitund að fiskeldisstöðin Seljavogur gæti fallið undir leyfin hjá Kirkjuvogi þar sem leyfið var fyrir sömu tegundir og sama starfsfólk vinnur á báðum stöðvum um helgar og stutt er á milli stöðvanna. En sótt verður um sitthvor leyfin. Rekstraraðili ætlar að sækja um 20 tonna starfs- og rekstrarleyfi fyrir Seljavog, 1 tonn

lax og 19 tonn hrognkelsi. Í dag er stöðin notuð sem sóttkvíarstöð fyrir blendings laxaseiði. Stefnt er á að koma fyrir hrognkelsa klakfiski úr okkar eigin framleiðslu fyrir í öðrum enda hússins. Þær einingar verða aðskildar og ekki verður samgangur á milli eininga. Klakfiskurinn kæmi sem hrognkelsa seiði frá Kirkjubogi og yrði alinn upp í klakfisk í Seljavogi. Ekki hefur tekist vel að koma upp klakfiski í Kirkjubogi og er því verið að gera tilraun með að flytja hann yfir í Seljavog. Tilkynning um fyrirhugaðar framkvæmdir var send inn til Skipulagsstofnunar 2.janúar 2020 og er niðurstaða væntanleg fljótlega. Sérstaða Stofnfisks er að vera með sjúkdómslaus laxahrogn. Stofnfiskur er laus við alla helstu vírusa og bakteríusjúkdóma sem eru þekkt í laxeldi og byggist öll framleiðslan á landeldi. Stofnfiskur er eina fyrirtækið í heiminum í dag sem má selja laxahrogn til Chile og hefur gert það frá árinu 1998. Einnig er Stofnfiskur eina fyrirtækið á Íslandi sem selur laxahrogn til annarra landa og sér öllum laxastöðvum á landinu fyrir laxahrognum. Stofnfiskur er einnig með einu hrognkelsastöð landsins sem getur selt hrognkelsa seiði í hverri viku allt árið um kring til Færeyja. Einangrunarstöðin í Seljavogi var sett upp í þeim tilgangi til að bæta núverandi laxastofn með kynbótum með erlendum sviljum og koma með ný gen í stofninn, þau seiði eru kölluð blendingsseiði. Ekki hefur verið fluttur inn nýr stofn af laxi síðan frá árunum 1984-1987, þá voru flutt inn hrogn á augnastigi frá Noregi. Sá stofn kallast í dag Stofnfisksstofninn og hefur verið notaður í eldi og kynbætur síðan. Stofnfiskur fékk leyfi til að flytja inn laxasvil árið 2016 til að bæta stofninn og koma með ný gen í framleiðsluna. Til að búa til blendingsseiðin er notast við hrogn úr hrygnum af Stofnfisksstofninum og svil frá Noregi. Stofnfiskur hefur notast við sama laxastofn frá árunum 1991. Með kynbótum með blendings seiðunum eru ný gen væntanleg í klak haustið 2019. Ástæða fyrir því að seiðin eru geymd í Seljavogi í lítilli eldisstöð er vegna sóttkvíar. Þar sem það er verið að nota norsk svil þá er seiðunum haldið í Seljavogi þar til að dýralæknir hefur tekið 2 sinnum sýni af þeim áður en hann útskrifar þau til flutnings á aðrar stöðvar. Sóttkvíin er gerð öryggisins vegna upp á sjúkdómahættu. Í Seljavogi er eingöngu um landeldi að ræða og í seiðastöðinni fer fram fyrsta stig seiðaeldis. Fyrirkomulag eldisins í Seljavogi verður með sama hætti og hefur verið, þar að segja framleiðsluferill hefst á því að búa til hrogn. Notast er við klakfisk, hrygnur frá Kalmanstjörn eða Vogavík og svil frá Noregi. Hrognin eru frjóvguð og lögð inn í Crossbreed hrognahúsið í Vogavík. Síðan eru þau flutt í seiðastöð Stofnfisks í Seljavog, þar eru þau klakin og alinn upp þar til að þau eru orðin að smoltseiðum. Allur fiskur er bólusetur áður en hann er fluttur í áframeldið. Seiðin eru flutt lifandi c.a. 140 g með seiðaflutningabil á stöðina. Þegar seiðin eru smoltuð þá eru þau send til Kalmanstjarnar í áframeldi í íssaltan eldisvökva fyrst um sinn. Þar eru þau alin í um 3,5- 4 ár, þar til þau verða kynþroska eða tilbúin sem sláturfiskur. Svo getur framleiðsan farið farið annan hring. Eldisvökvi, endurnýtingarstöð og áætluð framleiðsla. Einangrunarstöðin Seljavogur er byggð upp sem endurnýtingarstöð, sem endurnýtir um 85% af vatninu. Lóðin sem stöðin er á er 4500 m<sup>2</sup> og er Stofnfiskur með hana í leigu. Iðnaðarhúsnæðið er sjálft 586 m<sup>2</sup>. Einungis partur af húsinu er notaður undir einangrunarstöð fyrir laxaseiðin. Stöðin er tilraunastöð og er lítið magn af fiski í stöðinni. Eldisrýmið er um 30,5 m<sup>3</sup>, og öll ker eru úr plasti, með stálistum í sem er fyrsta vörn gegn seiðasleppingum, einnig er fiskigildra við frárennslið. Ein borhola er notuð fyrir eldið og er hún við hliðina á stöðinni. Eldisvökvinn í borholunni er sjór og er hitastigið um 8 °C. Áætluð dælugeta er að hámarki 30 l/sek, en yfirleitt notað um 20 l/sek. Þar sem lítið af ferskvatni er í Höfnunum þá er stöðin ekki með neina ferskvatns borholu heldur fær ferskvatnið frá vatnsveitu Hafna, og heitt vatn frá Hitaveitu Suðurnesja. Þess vegna var byggt endurnýtingarkerfi, með því þá er hægt að minnka vatnsnotkun niður í 0,16 l/sek. Stöðin notar ferskvatn frá desember til september og er rennslið um 0,16 l/sek, því endurnýtingarkerfið er í gangi. Eftir að laxaseiðin hafa smoltað eru þau sett á sjó og er þá notast við sjóborholuna frá október til nóvember og er þá notast við 20 l/sek. Heildar ársframleiðslan árið 2018 var 1,48 tonn af seiðum, til að framleiða þetta magn var notað 1,059 tonn af fódri sem gefur mjög góðan fódurstuðull eða um 0,73. Af þessum 1,48 tonnum af seiðum sem voru framleidd þá

voru 660 kg flutt yfir í áframeldisstöðina Kalmanstjörn. Umfram magn af framleiðslu var fargað á mismunandi tímabilum. Fóðurnotkun og fóðrunaraðferðir Allt fóður sem er notað hjá Stofnfiski kemur frá viðurkenndum fóðurframleiðendum. Seljavogur notar fóður frá Laxá og heitir það Eco seiðafóður sem er vaxtarfóður. Notast er við diskafóðrara og fóðurgjöf metin daglega af starfsmanni. Árið 2018 var notað 1,059 tonn af fóðri til að framleiða 1,48 tonn af laxaseiðum, sem gefa fóðurstuðull 0,73 sem er mjög góður stuðull fyrir laxeldi. Dauður fiskur er fjarlægður dagleg úr kerjum við reglubundið eftirlit og er honum fargað. Hrognkelsi Hrognkelsi eru ný tegund í eldi, og er Stofnfiskur með einu stöðina á Íslandi sem framleiðir hrognkelsi og hrogn fyrir utan rannsóknarstöð Hafrannsóknastofnunar, en hún fær hrogn frá Stofnfiski. Hrognkelsin eru notuð sem umhverfisvæn aðferð þar sem hrognkelsaseiði tyna laxalús af löxum í sjókvíum í Færeyjum, Noregi og Íslandi. Markmið Stofnfisks er að geta verið sér sjálfbær um klakfisk og hætta að treysta á villtan klakfisk. Framleiðsluferill hrognkelsis. Þar sem hrognkelsi eru tiltölulega ný tegund í eldi er aðal vandamál við þessa tegund að koma sér upp klakfiski. Hrognkelsaeldi hérlendis og erlendis treysta mest megnis á villtan klakfisk. Stofnfiskur er í samstarfi við nokkra báta sem útvega villtan klakfisk, sem sé grásleppu og rauðmaga. Frjóvguð hrogn eru lögð inn í Fræðrasetrið í Sandgerði og geymd þar, þar til að niðurstaða úr sýnatöku liggja fyrir. Engin hrogn eru flutt nema niðurstaða liggja fyrir og að sýnin séu öll hrein. Hrognin eru síðan flutt rétt fyrir klak og látin klekjast út í Kirkjuvogi. Þar tekur við smáseiðaeldið í seiðahúsinu þar til seiðin fara yfir í áframeldið. Í áframeldinu fer fram bólusetning og eru öll seiðin handbólusett. Eftir bólusetningu er beðið eftir að seiðin vaxi upp í 25 gr og þá eru þau seld út til Færeyja eða hérlendis. Framleiðsluferill frá því að seiði kleksti þar til að það er hægt að dæla því á gám og setja í sjókví með löxum er 6,5-9 mánuðir fer eftir vaxtarhraða innan hópsins. Tilvonandi klakfiskur er handvalinn. Ekki hefur eldi á honum tekist nógu vel og því vill rekstraraðili flytja tilvonandi klakfisk í annað hús. Áætlað er að koma klakfiski fyrir í 4 kerjum í hinum enda hússins og nýta sjó borholuna. Einingarnar verða aðskildar og enginn samgangur á milli svæða. Notast er við fóður frá Scretting og áætlaður fóðurstuðull 1,05. Notast verður við diskafóðrara og dauður fiskur verður týndur daglega og fargað. Sama frárennsli er notað og er því slysgildrur fyrir báðar tegundir.

Uppdrættir af staðsetningu  
Yfirlitsmynd af Seljavogi.png

Afrit af staðfestu deiliskipulagi  
Afrit af deiluskipulagi ekki  
til.docx

Lýsið staðháttum við vinnslustað  
(rekstrarsvæði)  
Lýsing á staðarháttum  
Seljavogur.docx

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Ýmis efni eru notuð við framleiðslu, t.d. í hrognahúsinu eru notað formalín til að formalínbaða hrognin til að koma í veg fyrir sveppi. Seiðin eru formalínböðuð reglulega til að koma í veg fyrir snikjudýrasmit og sveppi þegar þau eru í startkerjunum. Eftir að þau eru flutt yfir í endurnýtingarkerfið þá er ekki notast við formalínböðun. Þá eru engin efni notuð í eldisvatnið. Í seiðaeldinu þá eru seiðin merkt þá er fiskurinn svæfður svo hann sé kyrr og þá er notast við svefnlyf Phenoxyethanol. Bólusetning fer fram í seiðaeldinu og eru seiðin bólusett með Alpha ject 3000 sem er fengið hjá dýralækni. Með þessu bóluefni er verið að bólusetja gegn kylaveikibróður Aeromonas salmonicida, en einnig gegn klassískri vibríuveiki Vibrio anguillarum. Varðandi þrif þá er notast við hefðbundnar iðnaðar sápur t.d. Fantur 77. Varðandi sótthreinsun þá er mest notast við efnið Virex. Í Seljavogi var heildar ársframleiðslan árið 2018 1,48 tonn af seiðum. Notast var við 1.059 tonn af fóðri sem gefur mjög góðan fóðurstuðull eða um 0,73. Af þessum 1,48 tonnum af seiðum sem voru framleidd þá voru 660 kg flutt yfir í áframeldisstöðina Kalmanstjörn í eigu Stofnfisk eða um 4022 stk. Umfram magn af framleiðslu var fargað á mismunandi tímabilum Eigin borhola er notuð fyrir eldið og er hún við hliðina á stöðinni. Eldisvökvinn í borholunni er sjór og er hitastigið um 8 °C. Áætluð dælugeta er að hámarki 30 l/sek, en yfirleitt notað um 20 l/sek. Ferskvatn er fengið úr vatnsveitu Hafna, og heitt vatn frá Hitaveitu Suðurnesja. Stöðin notar ferskvatn frá desember til september og er rennslið um 0,16 l/sek. Því endurnýtingarkerfið er í gangi. Eftir að laxaseiðin hafa smoltað eru

um 0,10 l/sek. Því er umhyggjulegt að gangi. Einn að laxaseiðin hafa stöðvað sig þau sett á sjó og er þá notast við sjóborholuna frá október til nóvember og er þá notast við 20 l/sek. Notast verður við sjóborholuna fyrir hrognkelsaseiðin. Notað verður fiskeldisfóður frá fóðurverksmiðjunni Laxá fyrir laxaseiðaeldið og Scretting fóður fyrir hrognkelsin. Hér fyrir neðan sést næringarsamsetning Eco fóðursins, mismunandi efnasamsetning er í fóðri milli stærðar á pillum. Eco seiðafóður 25 kg 1,8 mm  
Fóðursamsetning: Hágæða loðnu/sildarmjöl, loðnu/sildarlýsi, hveiti, maísmjöl, repjumjöl, sojamjöl, rækjumjöl, hveitiglúten, vítamín, steinefni og náttúruleg litarefni.  
Meltnleg orka: 19.0 MJ/kg Brúttó orka: 22,2 MJ/kg Efnainnihald í % Prótein 50 % Fita 21 % Kolvetni 12 % Þurrefni 93 % Hér fyrir neðan sést næringarefnasamsetning á Scretting fóðri fyrir hrognkelsi. Fóðursamsetning: Fiskimjöl, fiskiolía,mjöl,hveitiglúten, hveiti, sojaprótein, vítamín, steinefni og náttúrulegt litarefni. Efnainnihald í % Prótein 57,0% Fita 15,0% Trefjar 0,1 % Aska 10,5 Kalsíum 2,0 Sódíum 0,5 Fosfór 1,4

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Fyrirsjáanleg losun í eldinu er losun úrgangsefna frá fiskinu og fóðurleifar. Notast er við diskafóðrara. Haldið er utan um alla flutninga í öll ker, öll fóðrun skráð, dauði svo eitthvað sé nefnt. Gerð var nýleg rannsókn (Wang et.al. 2012) sem gerir grein fyrir losun úrgangsefna í laxeldi og eru þær niðurstöður notaðar til grundvallar útreikningum á losun efnanna, notast var við fóðurstuðull 1,2. Hefðbundið laxafóður inniheldur 51% kolefni (C), 7% köfnunarefni (N) og 1,2 % fosfór (P). Við notuðum fóðurstuðulinn okkar 0,7. Algengt er að um 70 % af kolefni sé losað út í umhverfið sem ólífrænn og lífrænn úrgangur. Sem gerir að 1,0 tonna laxeldi losar rúm 0,3 tonn af kolefni. Um 48% er losun vegna öndunnar, 19% af formi úrgangsefna og 30% nýtist í vöxt. Af því köfnunarefni sem er í fóðrinu losnar um 62% út í umhverfið, 38% nýtist til vaxtar, 45% losað út á uppleystu ólífrænu formi og 15% á föstu formi sem lífrænt köfnunarefni. Um 70% af fosfór í fóðrinu er losað út í umhverfið sem lífrænn 44% og ólífrænn úrgangur 18%. Heildarlosun lífrænna úrgangsefna á föstu formi við framleiðslu á 1 tonnnum af laxi yrði 0,3 tonn af kolefni, 0,2 tonn af köfnunarefni og minna en 0 tonn af fosfóri. Ef sömu forsendur eru notaðar fyrir hrognkelsin með fóðurstuðulinn 1,0. Algengt er að um 70 % af kolefni sé losað út í umhverfið sem ólífrænn og lífrænn úrgangur. Sem gerir að 19 tonna hrognkelseldi losar rúm 4,8 tonn af kolefni. Heildarlosun lífrænna úrgangsefna á föstu formi við framleiðslu á 19 tonnnum af hrognkelsum yrði 4,8 tonn af kolefni, 4,5 tonn af köfnunarefni og minna en 0,1 tonn af fosfóri.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnunum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali.

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

## Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Hver eru áhrif losunar á umhverfið Seljavogur.docx

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Sýnt hefur verið fram á að ótíð fóður hefur mest áhrif á losun lífrænna efna út í umhverfið frá fiskeldi og er einnig kostnaðarsamasti þátturinn í eldinu. Stefnt verður á að halda fóðurstuðli í lágmarki og auka eftirfylgni með fóðrun. Í Seljavogi er vatnið endurnýtt frá janúar til september. Með því að endurnýta vatnið þá verður þynning á næringarefnunum áður en þau berast til sjávar. Við ströndina er oft brimsamt og vatnsskipti eru hröð og er því telur rekstraraðili hætta á uppsöfnun á lífrænum efna hverfandi.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?

Vöktunaráætlun Seljavogur.docx

Í síðri tilhömu innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

LÝSIÐ UMÞOGUN UMÞA STÓRNIS VEGNA LOSUNAR UT Í UMHVÆTTU

Til er gæðahandbók sem er með verklagslýsingar um alla vinnuferla í stöðinni allt frá hreinlæti starfsmanna, þrif og sóttreinsun, meðhöndlun fisks (flokkarnir, bólusetningar, flutning á seiðum, hvernig á að taka meðalþyngd), sóttvarnir, viðbragðsáætlun vegna sjúkdóma, slysasleppingar, rekstrarstöðvun svo að nokkur dæmi séu tekin. Samkvæmt gæðastjórnunarkerfinu þá eru tekin vatnssýni til að fylgjast með mengun í frárennsli (COD, Svifagnir, heildarmagn fosfórs, heildarmagn köfnunarefnis), og haldið er utan um skráningar, t.d. fôðrun, súrefnismælingar, efnanotkun svo eitthvað sé nefnt. Innan gæðastjórnunarkerfis StofnFisks er einnig virkt umhverfisstjórnkerfi þar sem meðal annars eru haldnar skráningar með tilliti til mengunar t.d. eldsneytis notkun, úrgang sem fellur til á stöðvunum (til landfyllingar, plast, málma, timbur, almennt heimilissorp, lífrænn úrgangur, spilliefni) auk þess sem fylgst er með rafmagnsnotkun og vatnsnotkun á stöðvunum auk afleiddrar mengunar vegna vinnutengdra ferðalaga starfsfólks (flug, lestarferðir, skip, leigubílar, strætisvagnar). Umbúðum af spilliefnum er komið í förgun í spilliefnamóttöku ef birgjar taka ekki við tómunum umbúðum. Stofnfiskur er með sóttvarnaráætlun og er með vottuð smitvarnarhólf sem hafa það hlutverk að lágmarka áhættu þess að smitsjúkdómar berist í stöðvar StofnFisks og hindra útbreiðslu sjúkdóma ef þeir skyldu koma upp. Sóttvarnaráætlunin byggir á áhættumati sem er endurskoðað árlega með tilliti til heilbrigðisaðstæðna og annarra þátta sem áhrif geta haft á bestun sóttvarnaráætlunar á hverjum tíma.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Sýnt hefur verið fram á að ótíð fôður hefur mest áhrif á losun lífrænna efna út í umhverfið frá fiskeldi og er einnig kostnaðarsamasti þátturinn í eldinu. Stefnt verður á að halda fôðurstuðli í lágmarki og auka eftirfylgni með fôðrun. Í Seljavogi er vatnið endurnýtt frá janúar til september. Með því að endurnýta vatnið þá verður þynning á næringarefnum áður en þau berast til sjávar. Við ströndina er oft brimsamt og vatnsskipti eru hröð og er því telur rekstraraðili hætta á uppsöfnun á lífrænum efna hverfandi.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Umfram fiski og dauðum fiski er fargað á Álfsnesi. Umbúðir og efni er fargað hjá viðurkenndum aðilum. Einungis er gert ráð fyrir notkun hreinsiefna við þrif á kerjum. Öll ker eru háþrýstipvegin með vatni. Efnanotkun er haldið í lágmarki og aldrei nein lyf notuð í eldinu. Skráð er niður hvaða efni eru notuð við eldið.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Þær aðferðir sem valdar voru til að draga úr mengun er betri fôðurnýting og minni sóun á fôðri, því telur rekstraraðili ekki líkur á því að það valdi mengun annarsstaðar.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Stofnfiskur er með tvær stöðvar í Höfnunum og eru þær um 200 metra frá hvort annarri. Rekstraraðili telur ekki vera líkur á sammögnunaráhrifum vegna starfseminnar. Þar sem Atlantshafið er viðtakinn og brimasamt er á svæðinu og ör vatnsskipti, og frárennslin eru ekki nálægt hvort öðru. Veðurfar hjálpar til við að koma í veg fyrir uppsöfnun á næringarefnum þar sem það er oft vindasamt á svæðinu og miklar öldur og straumar sem auka vatnsskipta hraðann.

## Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar

Sýniseintak:

<http://mast.is/library/Upplýsingar/vidbragdsaaetunbradamengun.pdf>

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar

Sýniseintak:

[http://mast.is/library/Upplýsingar/http\\_\\_\\_eur-lex.europa.pdf](http://mast.is/library/Upplýsingar/http___eur-lex.europa.pdf)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Rekstraraðili skilaði inn sameiginlegri matskyldri fyrirspurn fyrir Kirkjuvog og Seljavog í Höfnunum.

Það er verið að biða eftir niðurstöðu frá Skipulagsstofnun, þegar hún kemur þá verður hún send inn til Umhverfisstofnunar.

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvuna

VR-A34\_Rekstrarstöðvun 01.pdfVR-A34\_Rekstrarstöðvun 01.pdf

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvuna

VR-A34\_Rekstrarstöðvun

01.pdfVR-A34\_Rekstrarstöðvun 01.pdf

Umsókn um starfsluafi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna aðlis

UMSOKNI um staðfestingunni fyrir staðfestingunni sem gefur vaxið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna efnis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004

Stofnfiskur ábyrgðartrygging vegna mengunar hafs og stranda staðfesting.pdf

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda

EY-A29\_RA Product and Animal welfare 06.pdf

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda

LB-A15\_RA Bráðamengun hafs og stranda 02.pdf

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn

Staðfesting á móttöku Matskyld fyrirspurn, Hafnir Skipulagsstofnun.pdf